

821. fundur

Árið 2026, er fundur haldinn í stjórn Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum miðvikudaginn 11. mars, kl. 8:00 í fundarsal Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum, Skógarbraut 945, 262 Reykjanesbæ.

Mætt eru: Jónína Magnúsdóttir, Björn Sæbjörnsson, Ásrún Kristinsdóttir, Halldóra Fríða Þorvaldsdóttir (sat fundinn í gegnum fjarfundarkerfi) og Berglind Kristinsdóttir sem jafnframt ritaði fundargerð.

Jónína Magnúsdóttir formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna á fundinn.

Dagskrá:

1. *Farsæld barna – staða verkefnis. Áb. Hjördís Eva Þórðardóttir verkefnastjóri.*
Verkefnastjóri fór vel yfir stöðu verkefnisins og kynnti jafnframt fyrir stjórn greiningarvinnu sem er langt komin.
Stjórn þakka Hjördísi fyrir afar áhugaverða kynningu.
2. *Drög að ársreikningi S.S.S. 2025 – Kristján Ragnarsson endurskoðandi Deloitte.*
Ekki náðist að klára drögin fyrir fundinn. Málinu frestað til næsta fundar.
3. *Atvinnupróunarrámmi – staða verkefnis. Áb. Berglind Kristinsdóttir.*
Framkvæmdastjóri sagði frá stöðu verkefnis en aðilar frá sveitarfélögunum og Kadeco hittust í síðustu viku til að fara yfir stöðuna. Fundarfólk var sammála um mikilvægi þess að hittast reglulega til að fara yfir atvinnumál á svæðinu.
Framkvæmdastjóri mun boða til næsta fundar þegar allir hafa sent inn umsagir/ábendingar um atvinnurammann. Stefnt er að því að fara yfir verkefnastöðu í hverju sveitarfélagi.
4. *Samstarfsverkefni.*
 - a. *Umsókn í Lóu nýsköpunarsjóð.*
 - b. *Samstarfssamningur við Rannsóknarmiðstöð ferðamála.*Framkvæmdastjóri fylgdi málinu eftir en viðkomandi aðilar settu sig í samband við S.S.S. og óskuðu eftir þátttöku í umsókn um verkefnastyrki.
5. *Vorfundur – drög að dagskrá.*
 - *Atvinnuleysi, atvinnutekjur og þjónustusvæði*
 - *Kynning frá Kölkú*
 - *Farsæld barna á Suðurnesjum*
 - *Kynning frá verkefnastjóra almannavarnarnefndar*
 - *Endurreisn Grindavíkur*

6. *Eigendaskipti á afskrifuðum vettvangsbíl.*

Gamli vettvangsbíll Almanna- og Suðurnesja utan Grindavíkur er skráður á kennitölu S.S.S. þar sem Almanna- og Suðurnesja utan Grindavíkur er ekki lögaðili. Bifreiðin er kominn á aldur og verður afskráð. Lögregluminjasafnið hefur óskað eftir því að fá hana til varðveislu.

Stjórn S.S.S. samþykkir þessa tilhögun samhljóða og felur verkefnastjóra Almanna- og Suðurnesja að fylgja málinu eftir.

7. *Önnur mál.*

Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum sótti um verkefnistyrki í Byggingaáætlun, C-1. Samþykktir voru tveir styrkir. Eldfjallaleiðin hlaut styrk upp á 4,5 m.kr og Grindavík – saman í sókn var styrkt um 16,5 m.kr.

Stefnt er að því að slíta Keili á næsta aðalfundi félagsins en starfsemin verður færð undir hatt Háskóla Íslands. Stjórn S.S.S. fagnar því að starfsemi Keilis lifi áfram og einnig að störfin sem fylgja kennslunni haldist áfram á Suðurnesjum.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 9:35.

Halldóra Fríða Þorvaldsdóttir

Jónína Magnúsdóttir

Ásrún Kristinsdóttir

Björn Sæbjörnsson

Berglind Kristinsdóttir